

FUNDARGERÐ

Árið 2018, miðvikudaginn 23. október kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsögötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir, formaður, nefndarmennirnir Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aroni Gústavssyni sem ritaði fundargerð og Hrafnkeli Hjörleifssyni.

Nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttur og Sigríður Huld Jónsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum síma.

Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála, sat jafnframt fundinn undir lið 6.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 10. október 2018

Lögð var fram fundargerð frá 10. október 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu. Ákveðið var að laga orðalag í einum lið og taka fundargerðina aftur fyrir á næsta fundi.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2018

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu uppfærð drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2018 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2019

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2019. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 781 ma.kr., að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2018 verði um 1.547 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2019 verði 1.675 ma.kr.

4. Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 22. október 2018 ásamt bréfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga dags. 22. október 2018.

Í erindi Innheimtustofnunar kemur fram áætlun um innheimtu meðlaga og áætlaða fjárþörf úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2019. Stofnunin áætlar að innheimt meðlög nemi alls um 4.000 m.kr. og að áætluð fjárþörf úr Jöfnunarsjóði nemi um 500 m.kr. á árinu 2019.

Nefndin samþykkti framlagða áætlun Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2019 um 500 m.kr. áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði

5. Útgjaldajöfnunarframlög 2018

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2018. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. október 2018, ásamt yfirliti yfir útgjaldajöfnunarframlög.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjajöfnunarframlaga árið 2018. Jafnframt er lagt til að hækka útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2018 í ljósi stöðu sjóðsins á árinu á grundvelli greiðslu og rekstraráætlunar ársins 2018.

Nefndin samþykkti tillögu um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2018 og hækkun að fjárhæð 150 m.kr. Tveir nefndarmenn sátu hjá við atkvæðagreiðslu.

6. Útgjaldajöfnunarframlög 2019

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2019, samtals að fjárhæð 10.000 m.kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 9.200 m.kr. samkvæmt A-hluta. Jafnframt er áætlað að úthlutun til B-hluta framlaganna sem er skólaakstur úr dreifbýli, nemi 750 m.kr. á árinu 2019 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Útreikningarnir byggja á drögum reglugerðar sem lagt er til að komi í stað gildandi reglugerðar um Jöfnunarsjóð, nr. 960/2010. Gert er ráð fyrir að breytingarnar taki gildi um næstu áramót og verður ný reglugerð birt til umsagnar á samráðsgátt Stjórnarráðsins á næstu dögum. Útreikningar framlaga næsta árs taka því mið að drögum nýrrar reglugerðar. Gerðar hafa verið breytingar á hagkvæmnilínu, viðmiðum og tekjuskerðingu.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2018.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2018.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2018.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2015, 1. jan. 2016, 1. jan. 2017 og 1. júlí 2018 vegna íbúafækkunar- og fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í október 2018 við útreikning áætlaðra tekjajöfnunarframlaga árið 2018 vegna tekjuskerðingar.
- Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er talin vera sem hér segir:
 - Reykjavík
 - Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
 - Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
 - Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2018.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætluð útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2019 að fjárhæð 10.000.000.000 kr. Gerður er sá fyrirvari að fyrirhugaðar breytingar á reglugerðinni verði samþykktar.

Yfirlýsing um grunnskólans

7. Drög að greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2019

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirlýsingar grunnskólans.

Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirfærslu grunnskólans 2019.

8. Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2019, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 9.130 m.kr. á árinu 2019. Við bætast áætlaðar leiðréttingar vegna uppgjörs framlaga fyrir árið 2017 að fjárhæð 60 m.kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 9.190 m.kr. á árinu 2019.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2019:

1. Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2018.
2. Upplýsingar um skólagerð.
3. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2018.
4. Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2017 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2018.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2019, samtals að fjárhæð 9.190 m.kr.

9. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. október 2018, ásamt yfirlitum yfir útreikninga áætlaðra framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda fjárhagsárið 2019.

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir tveimur aðferðum við útreikninga framlaga og jafnframt fór starfsmaður Jöfnunarsjóðs ítarlega yfir báðar aðferðir og kosti og galla þeirra. Annars vegar er notuð sama aðferð og undanfarin ár og hins vegar eru framlögin reiknuð með öðrum hætti. Í stuttu máli þá felur nýja aðferðin í sér að nota SIS mat í meira mæli en áður hefur verið gert og að fjárhagsárið 2020 verði að fullu notast við SIS mat við áætlun framlaganna.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að framlögin yrðu reiknuð með breyttri aðferðarfræði og var samþykkt að áætluð framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar samtals að fjárhæð 1.038.888.889 kr. Framlag til Reykjavíkurborgar er áætlað 1.426.036.147 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra um áætlaða heildarúthlutun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2019, samtals að fjárhæð 2.464.925.036 kr.

10. Framlög vegna nýbúafraeðslu

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. október 2018, ásamt yfirliti yfir áætlað framlag vegna nýbúafraeðslu vegna fjárhagsársins 2019.

Jöfnunarsjóði hafa borist umsóknir frá verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu vegna 2.720 nemenda með íslensku sem annað tungumál. Forsendur fyrir greiðslum sjóðsins eru að þeir nemendur sem njóta sérstakrar íslenskukennslu sé að finna í Þjóðskrá og eigi lögheimili í því sveitarfélagi sem sækir um framlagið. Undanfarin ár hefur viðbótarframlagið, sem greitt er vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga, numið 130.000 kr. á ársgrundvelli á hvern nemenda. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun áætlaðra framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2019, skv. 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002.

Nefndin samþykkti tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2019, samtals að fjárhæð 351 m.kr. Jafnframt var ákveðið að óska eftir minnisblaði frá Menntamálastofnun um hvernig framlögin eru reiknuð.

Yfirlit á málefnum fatlaðs fólks

11. Drög að greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2019

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirlit á málefnum fatlaðs fólks.

Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirlit á málefnum fatlaðs fólks.

12. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks 2019

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að fyrstu áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2019. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. október 2018, ásamt drög að útreikningi.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks vegna ársins 2019 verður samtals 16,7 ma.kr., sem er hækkun um 1,8 ma.kr. frá fyrra ári. Úthlutun framlaga árið 2019 byggist á nýrri aðferðafræði sem kynnt var í ráðgjafarnefnd á fundum hennar 18. maí og 24. ágúst 2018. Einnig hefur þessi aðferðafræði verið kynnt félagsmálastjórum sveitarfélaga á haustfundi þeirra þann 4. október 2018, starfsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og starfsmönnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Með nýrri aðferðafræði er útreikningur framlaga einfaldaður og verður nú eingöngu notast við mat á stuðningsþörf einstaklinga við ákvörðun framlaga en ekki kostnaðartölur sveitarfélaga sem erfðilega hefur gengið að uppfæra. Þá verður í fyrsta skipti við ákvörðun framlaga tekið tillit til þeirra einstaklinga sem fá hátt mat vegna heilsufarsvanda en áður var aðeins tekið tillit til einstaklinga með hátt mat vegna hegðunarerfiðleika.

Framlög reiknast eftir sem áður í hlutfalli við þrjár stoðir:

- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar (88%)
- Vægi útsvars (10,75%)
- Innviðir (1,25%)

Nefndin samþykkti tillögu til ráðherra að 1. áætlun almennra framlaga fyrir árið 2019 með breyttri aðferðafræði og óbreyttum stuðlum að fjárhæð 16.770.000.000 kr.

13. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Akureyrarkaupstaður

Lagt var fram minnisblað frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs, dags. 22. október 2018, varðandi umsókn Akureyrarkaupstaðar um framlag úr Fasteignasjóði.

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. ágúst var tekið til umfjöllunar erindi frá Akureyrarkaupstað, dags. 24. ágúst 2018, varðandi umsókn sveitarfélagsins um framlag úr Fasteignasjóði. Þar kom fram athugasemd nefndarinnar að skortur væri á beinni aðkomu sveitarfélagsins að málinu og umræða var um hvort ráðstöfun framlagsins með þeim hætti sem lagt er til í umsókninni falli undir ákvæði reglugerðarinnar. Ákveðið var að fela starfsmanni sjóðsins að afla frekari upplýsinga um málið og húsnæðið yrði skoðað. Nú liggja því fyrir öll gögn í málinu.

Nefndin ákvað að hafna umsókn Akureyrarkaupstaðar á grundvelli þess að aðkoma sveitarfélagsins er ófullnægjandi og ráðstöfun framlagsins með þeim hætti sem lagt er til fellur ekki undir reglugerðina.

Skálatún

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. október 2018, og umsókn frá Skálatúni, dags. 16. ágúst 2018, varðandi framlag úr Fasteignasjóði.

Umsókn Skálatúns er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi er sótt um framlag vegna viðhaldsframkvæmda sem fram hafa farið á síðustu þremur árum að fjárhæð 67,3 m.kr. Í öðru lagi er sótt um framlag vegna viðhaldsframkvæmda sem ráðast þarf í á næstu árum að fjárhæð 135,1 m.kr.

Nefndin samþykkti fyrri lið í umsókn Skálatúns á grundvelli e. liðar 2. gr. rgl. 460/2018 að fjárhæð 16.825.000 kr. Varðandi seinni lið umsóknarinnar var ákveðið að hafna beiðni um kostnaðarþátttöku þar sem ekki liggja fyrir nægjanleg gögn um fyrirhugaðar framkvæmdir.

14. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur verður 30. nóvember kl. 9:30.

Næsti fundur þar á eftir verður 20. desember kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 15:40.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson